

Skólaráðsfundur 28.01.2025

Mættir: Marianna Guðbergsdóttir (fulltrúi foreldra), Gréta Bentsdóttir (fulltrúi kennara), Kjartan Haraldsson (aðstoðarskólustjóri) og Brynjar M. Ólafsson (skólustjóri).

Skóladagatal næsta skólavetrar (2025-2026)

Skólustjóri bar undir fundinn skóladagatal næsta vetrar. Það voru vandræði við að koma öllum 180 skóladögum fyrir á dagatalinu en heimild fékkst frá menntasviði Kópavogsbæjar til að hafa einn dag tvöfaldan á dagatalinu. Heimilt er að vera með kennslu skv. stundatöflu og svo síðar um daginn t.d. vorhátíð, góðgerðardag eða eitthvað annað. Telst sá dagur þá sem tveir skóladagar. Skóladagatal næsta vetrar (2025-2026) var samþykkt meðal kennara á kennarafundi og einnig í skólaráði.

Ástand skóla, framkvæmdir og fl.

Farið var yfir framkvæmdir á skólabyggingunni. Skólinn er að endurheimta tvær stofur fljótlega eftir framkvæmdir. Áætlað er að byrja að kenna í þeim í febrúar. Enn eru þá úti tvær kennslustofur og aðstaða sálfræðings og talmeinafræðings. Loftræstikerfi skólans eru í athugun og verið að laga og bæta loftgæði skólans. Nýju loftræstikerfi var bætt við í C álmu. Fjármagn hefur fengist frá Kópavogsbæ í framkvæmdir á skólanum, það verður fundur með framkvæmdasviði og menntasviði um fljótlega. Enn er óljóst hvað er hægt er að gera fyrir peninginn sem á að dreifast á næstu þrjú ár. Við höfum lengi talað fyrir því að fá fleiri kennslustofur og önnur rými, að bæta aðstöðu fyrir kennara, bæta aðgengi fatlaðra, stækka eldhús o.fl.

Tölvupóstur til forsjáráðila um samskipti milli þeirra og skólans

Mikil umræða hefur verið í samfélaginu og meðal skólustjóra í Kópavogi um samskipti milli heimilis og skóla. Póstur var í framhaldi sendur til foreldra í skólanum þar sem hvatt var til kurteisra og uppbyggilegra samskipta þegar upp koma mál sem þarf að leysa enda er það farsælasta leiðin til að ná árangri.

Virkja foreldra á fræðslu

Á fundinum var rætt um hvernig hægt væri að fá foreldra til að sækja betur fræðslu sem skólinn og/eða foreldrafélagið býður upp á. Dræm mæting hefur verið á síðustu viðburði og fram kom í umræðu að það er ekki bundið við Snælandsskóla, sama umræða er í gangi í öðrum skólum í Kópavogi og víðar. Prófum næst að hafa erindi um morguninn svo foreldrar geti byrjað daginn hér en farið svo til vinnu.